

Lög fyrir Hrossaræktafélag Hrunamanna.

1.gr

Félagið heitir Hrossaræktafélag Hrunamanna. Starfssvæðið nær yfir Hrunamannahrepp. Heimili þess og varnarþing er hjá formanni félagsins.

2.gr

Félagar geta allir orðið sem stunda hrossarækt eða hafa áhuga á framgangi hrossaræktar.

3.gr

Tilgangur félagsins er:

- a) Að vinna ötullega að ræktun íslenska hestsins með kynbótum, stóðhestahaldi og skýrslugerð í samvinnu við Bændasamtök Íslands.
- b) Að vinna í samvinnu við önnur félög og stofnanir að góðu uppeldi, aðbúnaði og tamningu hrossa.
- c) Að glæða áhuga fyrir hrossarækt og hestamennsku með öflugu fræðslu og útbreiðslustarfi.
- d) Að vinna að öðrum hagsmunamálum hrossaræktenda eftir því sem tilefni gefst.

4.gr

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins og skal hann haldinn eigi síðar en 1 maí ár hvert.

Aðalfundur skal boðaður á tryggilegan hátt með minnst 5 daga fyrirvara. Á aðalfundi gilda almenn fundarsköp.

Áaðalfundi skal:

1. Flutt skýrsla stjórnar.
2. Afgreiða framlagða og skýrða endurskoðaða reikninga félagsins.
3. Kjósa stjórn samkv. 5.gr.
4. Taka ákvarðanir um önnur mál sem varða félagið.

5.gr

Stjórn félagsins skipa þrjú menn kosnir til þriggja ára og skal kosið um einn árlega.

Formann skal kjósa sérstaklega, að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eftir samkomulagi. Tvo varamenn í stjórn kýs aðalfundur árlega.

Aðalfundur kýs tvo skoðunarmenn reikninga árlega. Stjórn ræður málefnum félagsins á milli funda, hún hefur umsjón með fjárreiðum félagsins og ber ábyrgð á þeim.

Einstakir stjórnar- eða félagsmenn verða þó aldrei persónulega ábyrgir fyrir skuldbindingum félagsins, nema þeir hafi farið út fyrir umboð sitt. Meirihluti atkvæða ræður innan stjórnarinnar sé ágreiningur um afgreiðslu mála.

6.gr

Formaður boðar til stjórnarfunda svo oft sem þurfa þykir. Krefjist tveir stjórnarmenn fundar ber formanni að boða til hans. Stjórnarfund skal boða með þriggja daga fyrirvara sé þess kostur. Stjórn getur skipað starfsnefndir í einstaka málaflokka og / eða gert tillögu til aðalfundar um slíkt sé það talið henta. Boða skal til almenns félagsfundar ef 1/3 hluti félagsmanna krefjast þess með undirskrift sinni. Almenna félagsfundi skal boða með sama hætti og aðalfundi.

7.gr

Tekjur félagsins skulu vera:

- a) Félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni.
- b) Aðrar tekjur t.d girðingagjöld.

8.gr

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Aðalfundur ákveður árgjald hverju sinni, að fenginni tillögu stjórnar. Félagsgjald skal vera greitt fyrir 1. júní ár hvert. Sá sem ekki hefur greitt félagsgjald sitt fyrir þann tíma, eða stendur í skuld við félagið á einn eða annan hátt, nýtur ekki réttinda sem félagsmaður á því reikningsári. Kjörnir skoðunarmenn framkvæma venjubundna árlega endurskoðun og árita reikninga.

9.gr

Lagbreytingar verða aðeins gerðar á aðalfundi og þarf til þess 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur um breytingar á lögum skal kynna um leið og aðalfundur er boðaður.

10.gr

Félagið hættir störfum ef það er samþykkt í formi lagabreytinga á aðalfundi. Eignir skulu þá afhentar Búnaðarfélagi Hrunamanna sem varðveitir þær á tryggilegan hátt þar til sambærilegt félag hefur verið stofnað að mati stjórnar Búnaðarfélags Hrunamanna og ganga þá eignirnar til hins nýja félags.

11.gr

Lög þessi öðlast gildi 16.maí 2006.

Samþykkt á aðalfundi 16.05.2006.